

4. Ráðherra getur ákveðið að sendiherrar í utanríkisþjónustunni með búsetu í Reykjavík skuli vera sendiherrar gagnvart Páfagarði og fjarlægum löndum, eftir því sem nauðsyn kann að krefja.

Úrskurður þessi skal taka gildi við undirskrift og um leið fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 17 frá 14. mars 1994.

Gjört í Reykjavík, 28. mars 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 98/1993,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 19. febrúar 1996 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Í lok XVI. kafla komi ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá og með háskólaárinu 1996-1997 verða stúdentar ekki skráðir til náms í aðalgreinina uppeldis- og menntunarfræði, sbr. a. lið 112. gr. Þeir stúdentar sem hófu nám í uppeldis- og menntunarfræði sem aðalgrein haustið 1995 eða fyrir þann tíma, eiga rétt á að ljúka námi sínu í samræmi við ákvæði a. liðar 112. gr. um uppeldis- og menntunarfræði. Nám í uppeldis- og menntunarfræði sem aukagrein verður áfram í boði, sbr. b. lið 112. gr. Bráðabirgðaákvæði þetta gildir í fjögur ár, eða til loka háskólaársins 1999-2000.

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 22. febrúar 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.